

ÖÍS-2018-06 Hótel Sandfell

Lýsing verkefnis: Megin tilgangurinn er að byggja upp framúrskarandi ferðaþjónustufyrirtæki með gistingu, veitingasölu og afþreyingu í hjarta Öxarfjarðar. Til stendur að byggja hótél í landi Klifshaga með útsýn yfir Öxarfjörð, fyrirkomulagið verði með þeim hætti að byggðar verði álmur út frá miðjubýggingu sem hýsir veitingasal. Miðjubýggingin verður steinsteypt en gistiálmurnar verða tilbúin einingahús.

Afgreiðsla: Verkefnið er metnaðarfullt og fellur mjög vel að skilaboðum íbúabings. Eitt undirmarkmið um framandi áfangastað er að fyrir árslok 2018 sé hafin framkvæmd við uppbyggingu á fjögurra stjörnu hóteli og fellur þetta verkefnið mjög vel að því. Verkefnið er ekki talið trufla samkeppni þar sem engin önnur sambærileg gistaðstaða er til staðar né í smíðum á svæðinu.

Verkefninu var úthlutað kr. 2.000.000.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.